

Starfsáætlun leikskólans

Hörðuvalla

2018 – 2019



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Inngangur	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
2.4 Matsáætlun	5
2.1 Innra mat leikskólans	5
2.2 Húsnæði og lóð	6
2.3 Ytra mat	6
2.4. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats	7
3. Áherslur í starfi leikskólans	7
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár	7
4. Starfsmannamál	8
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí	8
4.2 Starfspróunarsamtöl	8
4.3 Símenntun frá síðasta ári	9
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum	9
5. Aðrar upplýsingar	10
5.1 Barnahópurinn 1. maí.	10
5.2 Foreldrasamvinna	10
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	10
5.4 Almennar upplýsingar	11
5.5 Áætlanir	11

Fylgirit 10

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs

1. Inngangur

- Starfið í vetur hefur gengið nokkuð vel, tekið var á móti nýjum börnum í ágúst og september og nýtt starfsfólk byrjaði. Það gekk reyndar hægar að ráða í laus störf í ágúst en áætlað var. Þar af leiðandi vorum við stjórendur meira eða minna að aðstoða inni á deildum í ágúst og september.
- Starfið með börnunum einkenndist af þemavinnu sem ákveðin var í haust og tók einnig mið af stefnu Skóla- og frístundasviðs Hafnarfjarðar um læsi- og stærðfræðinám. Í þeirri vinnu nýttist vel kunnátta starfsólks á notkun á stærðfræðiefninu Numicon og elstu börnin fóru strax á haustmánuðum að vinna í K-pals. Gekk þessi vinna mjög vel og stóðu börnin sig mjög vel og voru áhugasöm. Að örðru leyti einkenndist starfið að árstíðabundnum verkefnum þ.e. hefðum, siðum og menningu í íslensku samfélagi.
- Samstarf við Lækjarskóla var með hefðbundnu sniði, elstu börnin fóru í fjórar heimsóknir yfir skólaárið. Fyrstu bekkingar frá Lækjarskóla komu í heimsókn til okkar í nóvember. Einnig voru haldnir nokkrir samráðsfundir með Hörðuvöllum, Arnarbergi og Lækjarskóla til að skerpa á samstarfinu og jafnvel auka það. Bjartey Sigurðardóttir er tengiliður okkar fór hún m.a. yfir niðurstöður úr prófinu Leið til læsis og skoðaði árangur barna eftir leikskóla. Það er á áætlun að halda áfram að funda reglulega um samstarf þessara þriggja skóla.
- Í gegnum árin hefur verið gott samstarf á milli okkar og Sólvangs. Samstarfið felst í því að í níu skipti yfir veturinn fer barnahópur frá Hörðuvöllum á Sólvang og spilar Boccia með heimilismönnum þar. Í þessum tímum hefur berlega komið í ljós sú ánægja, gleði, virðing og hjálpssemi sem er ríkjandi milli þessara tveggja kynslóða. Auk þess að spila Boccia hafa Hörðuvallabörnin farið reglulega og sungið fyrir og með heimilismönnum Sólvangs í samvinnu við deildastjóra á Sólvangi.
- Á síðustu önn var tekin ákvörðun að Hörðuvellir ynnu að þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun á Hörðuvöllum undir leiðsögn Ásthildar Bj. Snorradóttur. Áætlað er að verkefnið verði unnið á næstu tveimur árum. (sjá nánar á bls 10)

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Matsáætlun

- Barnið í brennidepli, sjálfsmat leikskóla sem er þýtt og staðfært af Hildi Skarphéðinsdóttur er sú matsaðferð sem starfsfólk Hörðuvalla notar og/eða styðst við varðandi innra mat leikskólastarfsins. Matsaðferðin hjálpar starfsfólki að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipti starfsólks, foreldrasamstarf og stjórnun leikskólans.

2.2 Innra mat 2018

- Vorið 2018 var ákveðið að meta atriði sem snúa beint að þekkingu starfsólks á hugmyndafræði leikskólans, vinnubrögðum varðandi læsi og stærðfræði sem og samskiptum og samvinnu starfsólksins bæði innan og á milli deilda. Viðhorf starfsólks og nýting undirbúningstíma var einnig skoðað.

Hugmyndafræði leikskólans:

Flest starfsfólk þekkir hugmyndafræði leikskólans vel og telur að á Hörðuvöllum sé gott samræmi milli einkunnarorða skólans og skólanámskrár og þess starfs sem hér er unnið. Þó kemur það í ljós að það starfsfólk sem hóf störf sl. haust eða vetur þekkir lítið til einkunnarorðanna og skólanámskrárinnar. Það teljum við að megi rekja til mikillar mannekleu sl. vetur og þar af leiðandi lítils eða einskis tíma til að fylgja móttökuáætlun.

Vinnubrögð varðandi læsi og stærðfræði:

Flest starfsfólk fylgir námsáætlunum og áhersluatriðum varðandi læsi og stærðfræði. Það kemur þó í ljós í þessum þáttum það sama og með hugmyndafræðina, að nýjasta starfsfólkið okkar hefur orðið útundan í fræðslu um þessa þætti og þekkir þá ekki nógu vel.

Samvinna innan deildar:

Starfsfólk Hörðuvalla er sammála um að samvinna innan hversrar deildar fyrir sig hefur gengið mjög vel í vetur.

Samvinna milli deilda:

Spurt var um hvort og þá hvernig starfsfólk sæi þörf fyrir aukna samvinnu milli deilda. Niðurstöður urðu þær að almennt finnst fólki staðan góð en þó mætti koma á samráðsfundum hópstjóra hvers árgangs fyrir sig. Það voru þó skiptar skoðanir á því hversu oft þeir fundir þyrftu að vera, allt frá tvisvar á hverju skólaári upp í fundi einu sinni í mánuði.

Undirbúningstímar:

Starfsfólk er ánægt með aukinn undirbúningstíma sem er nýttur í undirbúning og skipulagningu starfsins með börnunum sem og ýmsum skráningum, bréfaskriftum og viðtöl.

Úrbætur:

Nú þegar höfum við brugðist við vanþekkingu nýs starfsfólks á hugmyndafræði, einkunnarorðum og námsáætlunum leikskólans með því að skerpa á móttökuáætlun starfsfólks. Ennfremur er leikskólinn Hörðuvellir að hefja þróunarstarf í snemmtækri íhlutun í málörvun ungra barna. Þar gefst okkur kostur á að skerpa verulega á umræðum og skoðanskiptum um hugmyndafræðina okkar og áhersluatriðin sem varða læsi og málþroska. Hvað varðar aukna samvinnu milli deilda munum við taka ákvörðun um hvort og þá hvernig það verður á hausti komanda.

2.2 Húsnæði og lóð

- Leikskólinn Hörðuvellir er í eigu Regins/ FM húsa þeir sjá um að láta gera úttekt á leiktækum og lóð. BSI á Íslandi gerði úttekt á leikskvæði í maí 2018 og fara eigendur yfir það og gera þær lagfæringar sem við á .

2.3 Ytra mat

- Vinnustaðagreining starfsfólks á vegum Hafnarfjarðar var framkvæmd í desember 2017, um var að ræða könnun sem starfsfólk svaraði á netinu. Tilgangurinn með könnuninni er að sjá hvernig starfsfólk sveitafélagsins greinir sitt starf, starfsöryggi, vinnuálag ofl. Svarhlutfall frá Hörðuvöllum var 63% sem er viðunandi miðað við fyrra ár. Könnunin kom í heildina ágætlega út en það sem bæta má er samvinna, hvatning og hrós.
- Skólapúlsinn framkvæmdi samræmda foreldrakönnun á vormánuðum 2018, svarhlutfall var 73,9%. Niðurstöður komu að nánast öllu leyti vel út fyrir leikskólann þ.e. almenn ánægja foreldra var 95,6 % og ánægja barnanna 100%. Í flestum þáttum

var skólinn á mörkum eða yfir viðmið við landið. En þrír þættir voru töluvert lægri en viðmið við landið þ.e. upplýsingamiðlun, þekking á stefnu og námskrá leikskólans og heimasíða leikskólans.

2.4 Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra-og ytra mats

Til að bregðast við þeim þáttum sem við komum slök út hjá skólupúlsinum, er á áætlun að leggja meiri áherslu á að kynna skólanámskrána okkar og bæta upplýsingaflæði sem reyndar hefur verið í endurskoðun á hverju ári og erum alltaf að reyna að bæta okkur á því sviði. En þetta er sá þáttur sem erfiðast hefur reynst að uppfylla.

Á síðasta ári var byrjað á meiri samvinnu/samráði hópstjóra af öllum deildum og þurfum við að halda því markvisst áfram. Á þessum tímum þar sem mannekla hefur verið mikil megum við alls ekki gleyma að hrósa og og veita endurgjöf og það er þáttur sem ég stjórnandi hér þarf að taka til mín og gera betur.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

- Leikur, reynsla og þekking eru þau leiðarljós sem starfsmenn leikskólans hafa sammælt um að lýsi vel starfinu á Hörðuvöllum. Leiðarljósin flettast inn í alla starfs- og kennsluhætti skólans. Í þessu felst m.a. að frjálsa leiknum er gert hátt undir höfði, börnunum gefst kostur á að prófa sig áfram, gera mistök, byrja upp á nýtt og læra af reynslunni. Leikskólastarfið byggist jafnframt upp á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Í lýðræðislegu samfélagi Hörðuvalla þar sem réttindi allra í leikskólanum eru jafn mikilvæg nær leikurinn, námsleið leikskólabarnsins, að blómstra og þá er hægt að gleðjast og líða vel. Aðrar áherslur Hörðuvalla taka mið af læsis- og stærðfræðistefnu Skóla- og frístundasviðs Hafnarfjarðar sem unnið hefur verið markvisst að á starfsárinu.
- Við leggjum áherslu á að tala vandað mál,
- Við leggjum áherslu á að setja orð á allar athafnir í daglegu starfi.
- Ritmál er sýnilegt og börnin hafa greiðan aðgang að fjölbreyttu úrvali bóka,
- Það er lesið fyrir börnin á markvissan hátt og þau hvött til umræðna um efni bókarinnar, einstök orð og orðatiltæki.
- Það er hlustað á fjölbreytta tónlist og sögur,
- Þulur, kvæði, rím og söngvar eru hluti af daglegu starfi,
- Börnin hvött til að tjá sig fyrir framan hóp, bæði ein og í hóp,
- Börnin eru spurð opinna spurninga með það í huga að örva gagnrýna hugsun og ígrundun
- „Tákn með tali“ er nýtt með börnum sem eiga við mál- eða talörðugleika að stríða,
- Við vinnum með fyrstu fjóra kaflana í bókinni Markviss málörvun með öllum börnum leikskólans,

- Við vinnum við með bókina Snemmtæk íhlutun í málproska ungra barna með yngstu börnum leikskólans
- Við leggjum við áherslu á vinnu með Numicon, unnin var námsáætlun úr efninu var henni skipt í tvö aldursbil og spurningar unnar út frá matinu. Unnið verður í sex vikna lotum í árinu skipt niður í 4-5 tímabil yfir skólaárið.
- Við leggjum áherslu á vinnu með K-pals með elstu börnum leikskólans. Unnið verður í sex vikna lotum í 3-4 skipti yfir skólaárið.
- Skráning er á málproska með TRAS á öllum börnum
- Hljóm-2 próf tekið að hausti á öllum börnum í elsta árgangi.
- Unnið er markvisst með námsefnið Lubbi finnur málbein í öllum aldursstigum.
- Vináttu verkefni Barnaheilla er unnið á þremur deildum.
- Við tölum um og hrósum fyrir það að reyna og vinnuna sem liggur að baki því sem þau gera .
- Eins og kemur fram í inngangi verður unnið þróunarverkefni um snemmtæka íhlutun markmið og leiðir Hörðuvalla undir leiðsögn Ásthildar Bj. Snorradóttur mun það vera rauður þráður í okkar vinnu í vetur.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

<u>Starfsheiti</u>	<u>fjöldi</u>	<u>Starfshlutfall</u>	<u>menntun</u>
Leikskólakennari	7	60-100%	leikskólakennari
Leikskólaleiðbeinandi A	1	82 %	grunnskólakennari
Leikskólaleiðbeinandi B	2	100%	BA í stjórn málafræði og BA í líffræði
Leiðbeinandi	11	65-100%	Stúdentspróf / grunnskólapróf
Matráður	1	100%	Matartæknir
Aðst.í eldhúsi	1	60%	grunnskólapróf
Starfsmaður með stuðning	1	50%	Diplóma nám frá KÍ

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl hófust í maí en ekki tókst að ljúka við þau vegna ýmissa anna og fría hjá starfsmönnum og verður þeim framhaldið í ágúst og september.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Á skipulagsdegi 21. Nóvember 2017, fengum við í heimsókn tónlistarkennarann Birte Harksen, með tónlistarkennslu úr vináttu verkefninu Fri for Mobberi. Var þetta mjög skemmtilegt námskeið og allt starfsfólk var sammála um að allir gætu nýtt sér eitthvað frá þessum degi.

Við á Hörðuvöllum tókum ákvörðun um að byrja á Handbók/þróunarverkefni um Snemmtæka íhlutun á Hörðuvöllum undir leiðsögn Ásthildar Bj. Snorradóttur. Hún kom til okkar í nóvember með fyrsta hluta hluta af því verkefni. Fundur númer tvö var svo haldinn á skipulagsdegi í maí mánuði.

Á skipulagsdegi í febrúar 2018 fór allt starfsfólk leikskólans í heimsókn á leikskólann Krók í Grindavík, sem er heilsuleikskóli, til að kynna okkur hugmyndafræðina „Rósemd og umhyggja“ börn frá 18 mánaða aldri fara í hugleiðslu 1x á dag og taka þátt í kyrrðarstund 1x í viku, þar sem þau fara í jóga og vinna með jákvæð samskipti, tilfinningar og núvitund.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Markvisst verður unnið að gerð handbókar Hörðuvalla um snemmtæka íhlutun er það ansi viðamikilið verkefni sem mun taka um tvö ár sjá áætlun hér fyrir neðan
*Ágúst – september 2018. Skólinn vinnur þróunarverkefnið undir stjórn Ásthildar verkefnastjóra. Október 2018. Ásthildur kemur inn í leikskólann og speglar málörvun hjá eldri og yngri börnum. Hittir tengiliði verkefnisins og ræðir stöðu mála í framhaldinu. Ráðgjöf eftir þörfum Apríl 2019 (Starfsmannafundur) Gert er ráð fyrir þremur klukkustundum). Farið yfir stöðuna
Kynning á þróunarverkefnun á Akranesi, Húnavatnssýslum og leikskólanum Norðurbergi, Hafnarfirði
Undirstöðupættir fyrir mál og lestur á mismunandi aldursstigum
Myndbönd úr málörvun (einstaklingsþjálfun og hóppjálfun yngri og eldri leikskólabarna)
Maí 2019 Farið yfir flokkun á málörvunarefni með tengiliðum verkefnisins í leikskólanum
Júni 2019 Foreldrafundur – Kynning á þróunarverkefni
September 2019. Handbók tilbúin til yfirlestrar (Drög)
Nóvember 2019 Fundur með Lækjarskóla varðandi samstarf
Febrúar 2020 Handbók tilbúin – útgáfuhóf*

Slysavarnir – og skyndihjálparnámskeið verður haldið í janúar með Hraunvalla leikskóla

Starfsmaður á yngstu deild fer á námskeið Barnaheilla um vináttu verkefnið sem er að koma út fyrir yngstu börnin.

Einn starfsmaður kemur til með að fara á námskeið um börn með einhverfu.

Einnig verður farið á ýmis tilfallandi fyrirlestra eða námskeið sem boðið verður upp á á vegum Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.

Í febrúar mánuði er á áætlun að fá eitthvað fræðandi og skemmtilegt námskeið til að efla starfsanda og liðsheild meðal starfsmanna á leikskólanum.

Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. Maí

- Fjöldi barna í leikskólanum á síðasta skólaári voru 83 þar af voru 43 stelpur og 40 strákar.
- Fjöldi dvalarstunda í leikskólanum eru 682,8 , dvalargildi eru 804 og deildargildi 4,22.
- Eitt barn naut sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki.
- Um 6 börn njóta sérkennslu vegna málþroskafrávika.
- Eitt barn er með fæðuofnæmi fyrir mjólkurvörum og eggjum.
- Fjögur börn í leikskólanum eru með einhverskonar fæðuþol
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku eru fjögur og eru tungumálin tvö.
- Þjóðerni forsjáraðila eru: þrjú börn eiga pólska foreldra, tvö börn eiga filipíska foreldra, eitt barn á filipíska móður og íslenskan föður, tvö börn eiga spænskan föður og íslenska móður, eitt barn á íslenska móður og finnskan föður, eitt barn á íslenska móður og föður frá Siera Leoni og eitt barn á íslenska móður og föður frá Amerríku. Tvö börn eiga þýska móður og íslenskan föður,

5.2 Foreldrasamvinna

- Fjöldi fulltrúa í foreldraráði eru þrjú og eru þeir kosnir á foreldrafundi í október ár hvert. Foreldraráð fer yfir starfsáætlanir og annað sem þurfa þykir sem viðkemur börnunum og leikskólanum.
- Foreldrafundur er haldin ár hvert í október. Fulltrúar í foreldraráði eru jafnframt í foreldrafélaginu ásamt þremur öðrum fulltrúum úr foreldrahópnum.
- Formleg foreldraviðtöl eru einu sinni yfir skólaárið og eru þau haldin í janúar-febrúar, hver deild hefur viku til umræða þar sem foreldrar geta valið sér tíma .

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Áætlun vetrarins verður með hefðbundnu sniði þ.e. börnin fá að fara í heimsókn í Lækjarskóla þrisvar sinnum yfir skólaárið. Þau fá meðal annars að skoða bókasafnið, vera í tíma hjá 1. bekk og borða nesti og vera með í íþróttatíma. Ef mörg börn frá okkur eiga skólasókn í Öldutúnsskóla höfum við farið í eina formlega heimsókn þangað. Börn í fyrsta bekk í Lækjarskóla hafa komið í heimsókn til okkar á haustmánuðum. Einnig voru haldnir nokkrir samráðsfundir með Hörðuvöllum, Arnarbergi og Lækjarskóla til að skerpa á samstarfinu og jafnvel auka það. Bjartey Sigurðardóttir er tengiliður okkar fór hún m.a. yfir niðurstöður úr prófinu Leið til læsis og skoðaði árangur barna efir leikskóla. Það er á áætlun að halda áfram að funda reglulega um samstarf þessara þriggja skóla.

5.4 Almennar upplýsingar

- Skipulagsdagar leikskólans eru fimm þeir eru 31. ágúst, 9. nóvember, 2. janúar, 22. febrúar og 31. maí. Í ár voru þær breytingar gerðar að leikskóinn fékk að velja þrjá af fimm skipulögisdögum sjálfur þ.e. eru ekki þeir sömu og í Grunnskólum Hafnarfjarðar.

5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:

- einelti
- ofbeldi
- annað

Viðbragðsáætlun við:

- slysum
- áföllum
- annað

Öryggisáætlanir:

- Rýmingaráætlun
- Vinnuverndaráætlun
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun

Fylgirit

- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði 3. Júlí 2018

Sigprúður Sigurþórsdóttir
Leikskólastjóri